Ályktun stjórnar Landssambands smábátaeigenda
um ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar og ákvörðun sjávarútvegsráðherra
um heildarafla í þorski á fiskveiðiárinu 2016/2017.

30. júní 2016

Stjórn Landssambands smábátaeigenda lýsir áhyggjum sínum varðandi uppbyggingu þorskstofnsins. Þrátt fyrir að veiðihlutfall hafi ár eftir ár verið innan þeirra marka sem afli samkvæmt aflareglu ætti að vera, er það samt skoðun Hafrannsóknastofnunar að þorskstofninn muni minnka á næsta ári.

Öll fyrirheit um 300 þúsund tonna heildarafla virðast vera í ljósárafjarlægð.

LS gagnrýnir stjórnvöld fyrir aðhaldsleysi gagnvart stofnuninni. Það virðist vera orðin lenska að sjávarútvegsráðherra hverju sinni hreyfi ekki við tillögum stofnunarinnar um árlegan heildarafla í þorski. Skiptir það engu þótt spár sérfræðinga hennar um þróun hrygningar- og veiðistofns skeiki tugum prósenta milli ára. Stjórn LS átelur slík vinnubrögð og minnir á að hér er um ákvörðun að ræða sem skiptir milljörðum fyrir íslenskt þjóðarbú.

Stjórn Landssambands smábátaeigenda skorar á sjávarútvegsráðherra að endurskoða ákvörðun sína frá 25. júní sl. þegar hann ákvað að fara alfarið eftir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um að þorskafli fyrir næsta fiskveiðiár verði aðeins aukinn um 2,1% - 5000 tonn.

Ákvörðunin er sérstaklega gagnrýniverð þegar litið er til þess að stofnunin skilar auðu við hverjar séu ástæður þess að meðalþyngd hafi lækkað milli ára. Álit stofnunarinnar um lága meðalþyngd er andstætt áliti sjómanna og sjást þess engin dæmi í innvigtuðum afla eða nýtingartölum hjá fiskvinnslunni.

Þá skal einnig bent á að tölugildi úr togararalli í mars 2016 á meðalþyngd 5 ára fisks er ótrúverðugt þegar litið er til áratuga samfelldra mælinga stofnunarinnar sem allar sýna hærri meðalþyngd en nú er byggt á.

Landssamband smábátaeigenda hefur undanfarin ár bent á að árlegur þorskafli hafi ekki náð 20% veiðihlutfalli. Uppsafnað nemur mismunurinn þúsundum tonna. Þó ekki væri tekið meira en helmingur þess til að auka við heildarafla væri það innan aflareglu.

Útflutningsverðmæti þessa magns er vel á annan tug milljarða sem mundi vega upp fyrirsjáanlegan tekjumissi sjómanna og útgerða vegna lægra fiskverðs og styrkingu krónunnar. Bent skal á í þessu sambandi að útflutningsverðmæti þorskafurða til Bretlands á sl. ári nam 21 milljarði sem jafngilti rúmum fimmtungi heildarverðmæta þorsks. Gengisfall pundsins í kjölfar óvissu um samvinnu Bretlands við Evrópusambandið er verulegt áhyggjuefni hvað varðar útflutning þangað.

Einnig bendir stjórn LS á að í kjölfar 10% niðurskurðar á þorskveiðiheimildum í Barentshafi opnist tækifæri fyrir aukinn þorsk frá Íslandi.

Stjórn Landssambands smábátaeigenda

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is